



Forsætisnefnd

Umsögn um tillögur áheyrnarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, Miðflokksins og Flokks fólksins um aðgang starfsmanna flokka að stjórnslu borgarinnar

Á fundi forsætisnefndar þann 14. september sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, Miðflokks og Flokks fólksins:

Lagt er til að framkvæmdastjórar eða aðstoðarmenn flokka í borgarstjórn hafi eðlilegt aðgengi að stjórnslunni til að afla upplýsinga og séu boðaðir á kynningar, sviðsmyndagreiningar og annað sem snertir starf borgarfulltrúa almennt.

Tillögunni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjórnar.

Ekki er að finna ákvæði um starfsmenn flokka í borgarstjórn í samþykkt um stjórn Reykjavíkurbogar og fundarsköp borgarstjórnar né í öðrum stefnumarkandi skjölum sem unnt er að byggja á við ákvörðun um réttinda þeirra og/eða skyldur. Starfsmenn borgarstjórnarflokka eru ekki starfsmenn Reykjavíkurbogar og eru þar af leiðandi ekki bundnir af ákvæðum laga og samþykktu borgarinnar um réttindi og skyldur. Borgarstjórnarflokkar hafa þó margir verið með starfsmenn sem sinna ýmsum störfum í þágu borgarfulltrúa án þess að þau hafi verið skilgreind sérstaklega. Hafa mætti til hliðsjónar skilgreiningar í gildandi lögum nr. 88/1995 um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað (starfsmenn þingflokka og aðstoðarmenn formanna stjórnmalaflokka). Þar kemur reyndar fram að heimilt er að ráða starfsmenn fyrir þingflokka, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum hvers árs, til þess að aðstoða þingmenn í störfum þeirra. Sambærilegar heimildir er ekki að finna í samþykktum Reykjavíkurbogar enda fá stjórnmalasamtök sem ná kjöri í borgarstjórn greidd framlög í samræmi við 5. gr. 1. nr. 162/2006. Þar kemur fram að sveitarfélögum er skylt að veita stjórnmalasamtökum sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum árleg fjárframlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar ár hvert. Fjárhæðinni skal úthlutað ár hvert í hlutfalli við atkvæðamagn. Stjórnmalasamtökin geta ráðstafað framlaginu að vild svo fremi sem það er nýtt til starfsemi samtakanna eins og fram kemur í lögnum auk þess sem í greinargerð með lögnum kemur fram að eðlilegt er talið að skýr lagaákvæði liggja til grundvallar úthlutun fjár

til stjórnmalasamtaka. Markmiðið er að styrkir til stjórnmalasamtaka skuli taka mið af því að þau geti haldið uppi og rækt það mikilvæga lýðræðishlutverk sem stjórnskipun landsins gerir ráð fyrir að þau gegni. Leitast skal við að þau standi jafnfætis þeim aðilum öðrum sem keppa að því að hafa áhrif á stjórnmalaleg viðfangsefni.

Með breytingum á lögum nr. 88/1995 um þingfarakaup alþingismanna og þingfarakostnað sem samþykktar voru í desember 2018 var lögfest sú tilhögun að skrifstofustjóri Alþingis ræður starfsmenn þingflokka að fenginni tillögu þingflokks og þegar við á segir skrifstofustjóri þeim upp störfum. Um laun og önnur starfskjör starfsmanna þingflokka fer samkvæmt kjarasamningi starfsmanna Alþingis og forseta Alþingis. Skrifstofustjóri Alþingis er jafnframt í fyrirvari gagnvart starfsmönnum þingflokka þegar fjallað er um réttindi og skyldur þeirra samkvæmt lögum nr. 70/1996, og starfsskilyrði samkvæmt öðrum lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og kjarasamningi. Skrifstofa Alþingis annast framkvæmd og umsýslu með ráðningarsamningum starfsmanna þingflokka. Ekki er um að ræða sama fyrirkomulag hjá Reykjavíkurborg þar sem starfsmenn borgarstjórnarflokka eru starfsmenn flokkanna og ekkert ráðningarsamband er á milli sveitarfélagsins og þessara aðila.

Eðlilegt er að Reykjavíkurborg koma til móts við þarfir þeirra borgarstjórnarflokka sem eru með starfsmann að því er varðar aðgang að kynningum og gögnum sem ætluð eru borgarfulltrúum innan þeirra marka sem ákvæði laga heimila og í samræmi við skriflega beiðni oddvita viðkomandi borgarstjórnarflokks og í kjölfar undirritunar trúnaðaryfirlýsingar. Er því mælt með að tillagan verði samþykkt með þeirri breytingu og vísað til nánari útfærslu hjá undirritaðri í samráði við oddvita og starfsmann borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar